



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

30. APRÍL 2026
ELDBORG HARPA

LIZST & LANDLIT

VELKOMIN



VINSAMLEGAST HAFIÐ SLÖKKT
Á FARSÍMUM MEÐAN Á
TÓNLEIKUM STENDUR

TÓNLEIKAGESTIR ERU BEÐNIR UM
AÐ KLAPPA AÐEINS Í LOK TÓNVERKS

TÍMALENGD VERKA:

SINFÓNÍA 35'
PIÁNÓKONSERT 22'
MANDARÍNINN 18'

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.

LISZT OG LANDLIT

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 30. APRÍL KL. 19:30

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

EVA OLLIKAINEN
HLJÓMSVEITARSTJÓRI

NIKOLA MEEUWSEN
EINLEIKARI

PÁLL RAGNAR PÁLSSON

Sinfónía *Landlit* (2025) *frumflutningur*

- hluti - Featherlight (Fiðurlétt)
- hluti - Alert, sharp (Vakandi, beitt)
- hluti - In High Spirits (Af miklum anda)
- hluti - Ascending (Rísandi)

HLÉ

FRANZ LISZT

Píanókonsert nr. 2 í A-dúr (1849–1861)

- Adagio sostenuto assai
Allegro agitato assai
Allegro moderato
Allegro deciso
Marziale un poco meno allegro
Allegro animato

BÉLA BARTÓK

Mandarininn makalausí, svíta op. 19 (1918–1924)

For information in English about tonight's programme, please visit the Iceland Symphony Orchestra website: [en.sinfonia.is](#)

Píanóleikarinn Denis Kozhukhin sem upphaflega átti að koma fram á tónleikunum þurft að afboða komu sína vegna óviðráðanlegra orsaka.

EVA OLLIKAINEN

HLJÓMSVEITARSTJÓRI



Finnski hljómsveitarstjórinn Eva Ollikainen tók við stöðu aðalstjórnanda og listræns stjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2020.

Eva stundaði tónlistarnám við Sibeliusar-akademiuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómsveitarstjóra árið 2003. Hún kom fyrst til Íslands tveimur árum síðar og spannar samstarf hennar við Sinfóníuhljómsveit Íslands því rúma tvo áratugi. Þá stjórnaði hún framhaldsskólatónleikum hljómsveitarinnar með nær engum fyrirvara, en hún stjórnaði einnig nokkrum áskriftartónleikum á árunum 2007–2010. Í Hörpu stjórnaði hún í fyrsta sinn í febrúar 2019 og skömmu síðar tók hún boði hljómsveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar.

Eva Ollikainen hefur stjórnað mörgum virtum hljómsveitum, meðal annars Útvarpshljómsveitunum í Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmóníusveitunum í Helsinki og Stokkhólmi, Sinfóníuhljómsveitinni í Vínaþborg, Staatskapelle Dresden og Sinfóníuhljómsveit Breska útvarpsins (BBC). Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi við Dönsku þjóðaróperuna og Semperoper í Dresden. Hún þreytti frumraun sína á BBC Proms, tónlistarhátíð Breska útvarpsins, í ágúst 2022, þar sem hún stjórnaði meðal annars frumflutningi á verki Önnu Þorvaldsdóttur ARCHORA, og stuttu síðar kom hún í fyrsta sinn fram með Fílharmóníusveit Los Angeles á tvennum tónleikum í Hollywood Bowl.

Verk íslenskra tónskálda hafa verið henni hugleikin og hefur hún flutt og hljóðritað mörg þeirra með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Meðal annars hljómdiskinn ARCHORA / AION með verkum Önnu Þorvaldsdóttur sem Sono Luminus gaf út árið 2023 og hlaut mikið lof í tónlistarheiminum.

Eva er tíður gestakennari við Sibeliusar-akademiuna og hún hafði frumkvæði að stofnun Hljómsveitarstjóraakademíu Sinfóníuhljómsveitar Íslands þar sem ungir og efnilegir tónlistarnemar fá tækifæri til að stjórna hljómsveitinni.

NIKOLA MEEUWSEN

EINLEIKARI



Píanóleikarinn Nikola Meeuwsen (f. 2002) skaust upp á stjörnuhimininn í fyrra þegar hann varð fyrstur Hollendinga til að vinna fyrstu verðlaun í Queen Elisabeth-keppninni í Brussel. Síðar á árinu var hann útnefndur staðarlistamaður hinnar alþjóðlegu kammertónlistarhátiðar í hollensku borginni Utrecht 2026 en henni stjórnar landi hans, fiðluleikarinn Janine Jansen.

Meeuwsen var aðeins níu ára gamall þegar hann vann Steinway-píanókeppnina og 2019 hlaut hann verðlaun Concertgebouw-tónleikahallarinnar í Amsterdam þar sem hann þreytti frumraun sína árið 2024.

Á yfirstandandi tónleikaári kemur hann fram sem einleikari með fílharmóníuhljómsveitunum í Lúxemborg og Rotterdam, Niðurlandafílaharmóníuhljómsveitinni, Norsku útvarpshljómsveitinni og Kammerhljómsveitinni í Stuttgart svo nokkrar séu nefndar. Þá hleypur hann í skarðið fyrir portúgalska píanóleikarann Maríu João Pires og leikur með hljómsveitum undir stjórn hljómsveitarstjóra á borð við Ricardo Minasi, Tarmo Peltokoski, Marc Albrecht, Martin Ranja, Thomas Zehetmair, Antony Hermus, Holly Hyun Choe og Richard Egarr. Einnig eru tónleikaferðir til Kína, Kóreu, Japan og Brasilíu á verkefnaskránni.

Á sviði kammertónlistar hefur Nikola Meeuwsen komið fram með þekktum tónlistarmönnum, þar á meðal Janine Jansen, Augustin Dumay, Denis Kozhukhin, Inmo Yang og Yamen Saadi. Þá kemur hann reglulega fram með kennara sínum og læriföður Enrico Pace.

PÁLL RAGNAR PÁLSSON

SINFÓNÍA LANDLIT



Páll Ragnar Pálsson (f. 1977) lauk doktorsnámi í tónsmíðum frá Eistnesku tónlistarakademiunni í Tallinn árið 2014 en áður hafði hann numið við Listaháskóla Íslands. Á fjölbreyttum verkalista hans eru kammerverk, kórtónlist og hljómsveitarverk auk útsetninga fyrir hljómsveit. Fiðlukonsert Páls, *Nostalgja*, hlaut Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2013 og samnefnd plata kom út sumarið 2017. Sellókonsertinn *Quake*, sem Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti á Myrkum músíkdögum 2018, hlaut aðalverðlaun á alþjóðlega tónskáldaþinginu (International Rostrum of Composers) í Búdapest vorið 2021. Páll Ragnar er dósent í tónsmíðum við Listaháskóla Íslands og er formaður Tónskáldafélags Íslands.

Um verk sitt *Landlit* segir Páll:

„Í upphafi er blaðið autt. Svo birtist punktur, ein lína mætir annarri og úr verður form. Formið er í sjálfu sér merkingarlaust – sexhyrningar endurteknir ofan í hvern annan. En eftir því sem endurtekningunum fjölgar byrjar formið að líkjast einhverju. Myndefni verður kunnuglegt. Þegar vel að er gáð má greina blóm, eða kannski er þetta fruma. Mögulega stjörnuþoka eða stuðlaberg. Svolítið eins og gangur sem virðist liggja inn í óendanleikann. Hér er ljósbrot. Nei sko, eru þetta margir fuglar sem mynda einn fugl? Ég sé alveg örugglega andlit þarna!

Mynstur sem eru byggð úr einföldum geómetrískum einingum er bæði hugmyndafræðilegur og tæknilegur kjarni verksins. Sumir sjá guðdóminn í gegnum mynstur þar sem aðrir sjá bara mynstrið sjálft. Verkið er unnið upp úr smáu frumi og úr því bý ég til mynstur. Legg þau ofan á hvert annað og hreyfi til, svo að útkoman verður margfeldi af hverri einustu hreyfingu. Hugmyndin er ekki stærðfræðileg, frekar er ég að hugsa um form, víddir og hvernig við tengjum þau við það sem við skiljum ekki. En einmitt þar sem hið huglæga verður hlutlægt fæðist sínfónía.

Undirtitillinn *Landlit* er vísun í samnefnda seríu myndlistarverka eftir Valgerði Briem (1914–2002), eða ömmu Löllu eins og hún kallaðið innan fjölskyldunnar. Titillinn valdi ég vegna þess að orðið *Landlit*

TÓNLISTIN OG SÍ

Landliti er frumflutt á tónleikum kvöldsins. Önnur verk Páls Ragnars sem hljómsveitin hefur flutt á tónleikum eru Nostalgía, árið 2014, Quake 2018, Crevace, konsert fyrir flautu og fagott, flutt af þeim Hallfríði Ólafsdóttur og Martin Kuuskmann árið 2019, Yfirráðandi kyrrð 2022 og fagottkonsertinn Play í flutningi Kuuskmanns á Myrkum músikdögum á síðasta ári.

inniheldur bæði *land*, hið óhlutbundna, *abstrakt*, og *andlit*, sem er hlutbundið, *objekt*. Sköpunarferli okkar ömmu minnar eiga margt sameinilegt, þótt miðlarnir séu ólíkir og tíminn annar.“

Verkið er í fjórum hlutum og heitir hver þeirra eftir tempómerkingunni.

1. hluti – *Featherlight* (Fiðurlétt) byrjar eins og uppi í eternum. Daufar línu birtast úr engu, eins og penninn snerti varla blaðið. Smám saman skýrast línurnar og tónlistin tekur á sig form. Skriðþunginn eykst, hljómurinn breiðir úr sér, eins og alda sem ris úr undirdjúpunum.


2. hluti – *Alert, sharp* (Vakandi, beitt) er dreginn í skörpum línunum, sumum þeirra með þykkum penna. Hljóðveggir eru myndaðir úr stórum ósamstiga hreyfingum, kerfi sem endurskapar sig stöðugt en leysist aldrei. Kafllinn endar jafn skjótt og hann byrjaði.

3. hluti – *In High Spirits* (Af miklum anda) er stærsti hluti verksins. Tjáningin er í hámarki, tempó er hratt og dýnámik mikil. Laglínur spretta fram, bæði í einstökum hljóðfærum og smærri samsetningum. Eftir því sem fram líður læsa mynstrin sig saman í taktfastan massa. Hljómsveitin verður eins og ein vél. Kafllinn endar svo með hvelli.

4. hluti – *Ascending* (Rísandi) byrjar á lægstu tíðnum hljómsveitarinnar sem vinna sig rólega upp hljóðsviðið, nánast endalaust. Um stundarkorn springur hljómsveitin út í fögnuð, dansinn dunar, áður en hljóðið liðast hægt og rólega upp í himinhvolfið.

FRANZ LISZT

PÍANÓKONSERT NR. 2 Í A-DÚR



TÓNLISTIN OG SÍ

Um þessar mundir eru liðin rétt tæplega 70 ár síðan Rögnvaldur Sigurjónsson steig á svið Þjóðleikhússins við Hverfisgötu og flutti annan píanókonsert Liszts ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn þýska hljómsveitarstjórans Wilhelms Schleuning, nánar tiltekið í júlíbyrjun 1956. Konsertinn hljómaði næst í Háskólabíói í marsmánuði 1973. Við hljóðfærið sat bandaríski píanistinn Garrick Ohlsson en stjórnandi var franskur hljómsveitarstjórinn Antonio de Almeida. Verkið heyrðist svo aftur á áskriftartónleikum SÍ í Háskólabíói 1986 og þar næst 1998. Á þeim tónleikum var Mandaríninn makalaus eftir Bartók einnig fluttur. Síðast heyrðist píanókonsertinn í Háskólabíói árið 2008. Einleikari var hin pólska Ewa Kupiec en Eistlendingurinn Arvo Volmer stjórnaði flutningnum.

Franz Liszt (1811–1886) fæddist í smábænum Raiding sem þá var í ungverskum hluta Burgenlandfylkis en tilheyrir nú Austurríki. Níu ára gamall kom hann fyrst fram opinberlega í Ödenburg og Bratislava (Pressburg) og vakti mikla hrifningu. Árið 1822 flutti fjölskyldan til Vínarborgar þar sem Franz stundaði um eins árs skeið píanónám hjá Carl Czerny og naut leiðsagnar Antonios Saliéri í hljómfærði og tónsmíðum.

Frá árinu 1823 til 1843 bjó Liszt mest megnis í París en næstu tuttugu árin þar á eftir í Weimar, borg Goethes.


Á þriðja og fjórða áratug nítjándu aldar ferðaðist Liszt vítt og breitt um Evrópu og lék fyrir aðdáendur sína. Hefur hann verið kallaður fyrsti popparinn í hinum klassíska tónlistarheimi sem með snilli sinni og persónutöfrum kallaði fram mógsefjun á tónleikum sínum. Fann skáldið Heinrich Heine upp nýtt orð fyrir sælúvímuna sem gagntók áheyrendur á tónleikum Liszts og kallaði „Lisztómaníu“.

Árið 1848 batt Liszt enda á einleikaraferil sinn og tók við stöðu hljómsveitarstjóra hirðhljómsveitar hertogans í Weimar (í dag Staatskapelle Weimar) og fór einnig að sinna kennslu og eigin tónsmíðum. Þar á meðal öðrum píanókonsertinum sem hafði lengi verið í smíðum og tekið ýmsum breytingum í ferlinu. Liszt skorti ekki sjálfstraust þegar kom að tónsmíðum frekar en við píanóið. Um tónsmíðatækni sína sagði hann eitt sinn: „Ég get smíðað tónverk úr fáum einingum. Aðrir þurfa þúsundfalt meira efni. Þannig þróaði hann *Píanókonsert nr. 2* úr einni stakri hugmynd í fjölbreyttan vef innan einnar einingar. Konsertinn er í raun í einum kafla sem skiptist í sex hluta.

Var hann frumfluttur í Weimar 7. janúar 1857. Stjórnaði höfundurinn hirðhljómsveit staðarins en nemandi hans Hans Bronsart von Schellendorf lék á flygilinn.

BÉLA BARTÓK

MANDARÍNINN MAKALAUSI



Béla Bartók (1881–1945) var helsta tónskáld Ungverjalands á 20. öld og uppruni hans mótaði lífsstarfið allt. Bartók leit á það sem hlutverk sitt að bjarga þjóðlegri tónlist heimalands síns frá gleymsku. Ferðaðist hann um sveitir landsins ásamt landa sínum og skáldbróður, Zoltán Kodály, og festi bændasöngva á vaxhólkahljóðrita sem Thomas Alva Edison hafði fundið upp og safnaði nærri 10 þúsund þjóðlögum frá heimalandinu og nágrannabjóðum á Balkanskaga.

Bartók samdi um ævina ríflega 120 tónverk, þar á meðal 17 hljómsveitarverk, 12 einleiksverk með hljómsveit, 12 kórverk, 22 kammerverk og á fjórða tug píanóverka auk fjölda einsöngslaga. Sviðsverkin urðu urðu aðeins þrjú talsins; eina óperan, einþáttunginn *Kastali Bláskeggs hertoga* 1911–17, ballettinn *Tréprinsinn* 1914–16 og látsbragðsdansverkið *Mandaríninn makalaus* 1918–26.

TÓNLISTIN OG SÍ

Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur nú svítuna úr Mandaríninum makalaus í fjórða sinn. Fyrst heyrðist hún á fimmtudagstónleikum hljómsveitarinnar 3. október 1985 undir stjórn þýsk-gríska hljómsveitarstjórans Miltiades Caridis. Í janúar 1998 stýrði hinn kínverski En Shao flutningi verksins sem þá var í efnisskránni kallað Margslungni Mandaríninn og voru báðir píanókonserter Liszts einnig fluttir. Finnski hljómsveitarstjórinn og sellóleikarinn Susanna Mälkki túlkaði síðast verkið á tónleikum í Háskólabíói um miðjan janúar 2004.

Sagan gerist í þáverandi nútíma, það er að segja árunum eftir fyrri heimsstyrjöldina og fjallar um ljótleika hins siðmenntaða heims.

Í fátæklegu herbergi í úthverfi stórborgar neyða þrjú misindismenn stúlku nokkra til að lokka til sín karlmenn af götunni í því augnmiði að ræna þá. Tötralegur heldri maður og feiminn unglingur falla í gildruna og er varpað snauðum í strætið. Þriðji gesturinn er hinn óhugnanlegi Mandarín. Hann reynir að nálgast stúlkuna en hún flýr snarlega á braut. Eftir ofboðslegan eltingaleik nær hann henni en þá koma þremmenningarnir fram úr fylgsni sínu og reyna að kæfa með svæfli en hann losar sig og leitar stúlkunnar með löngunarfullum augum. Þá leggja þeir hann í gegn með sverði en þrá hans er sterkari en sárin og hann varpar sér á stúlkuna. Nú bregða mennirnir snöru um háls hans en honum er fyrirmunað að deyja. Það er ekki fyrr en að stúlkan faðmar hann, að sárin taka að blæða og hann deyr.

Sigurður Ingvi Snorrason

Á DÖFINNI

VÍSNA BÓKIN – LITL TÓNSPROTINN

LAUGARDAGUR 9. MAÍ KL. 14:00 & 16:00

Vísna bókin er klassísk gersemi sem fylgt hefur mörgum börnum og fullorðnum allt frá því að hún kom fyrst út árið 1946. Í bókinni er að finna úrval vísna og kvæða að ógleymdum myndskreytingum Halldórs Péturssonar. Það eru leikararnir og söngvararnir, Þórunn Arna Kristjánsdóttir, Sigurður Þór Óskarsson og Hallgrímur Ólafsson sem koma fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands ásamt Gradualekórnum Langholtskirkju. Teikningum Halldórs verður varpað upp á stóra tjaldid í Eldborg á meðan á tónleikumunum stendur.



MAGNÚS JÓHANN – PORTRETT

FÖSTUDAGSRÖÐ

FÖSTUDAGUR 22. MAÍ KL. 18:00

Magnús Jóhann Ragnarsson hefur skapað sér viðurkenningu sem óvenju fjölhæfur tónlistarmaður á flestum sviðum tónlistar; sem tónskáld, hljómborðsleikari og upptökustjóri. Á þessum tónleikum flytur Magnús Jóhann eigin tónlist í fjölbreyttum hljómsveitarútsetningum. Magnús leikur ekki eingöngu á pianó og hljómborð heldur hefur hann að undanförunu þjáfað sig í leik á hið dulmagnaða hljóðfæri Ondes Martenot sem fær einnig að njóta sín á þessum tónleikum.

Tónleikarnir eru um klukkustundarlangir, án hlés.



NÆRMYND: HILDUR GUÐNADÓTTIR

Á LISTAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

FIMMTUDAGUR 4. JÚNÍ KL. 19:30

Hildur Guðnadóttir er eitt fremsta kvikmyndatónskáld samtímans og hefur hún m.a. hlotið Grammy-, Emmy-, Bafta- og Óskarsverðlaun fyrir störf sín. Hér leiðir listakonan sjálf dagskrá þar sem hún segir frá verkum sínum, áhrifavöldum og heimi kvikmyndatónlistar.

Hljómsveitin leikur tónlist Hildar sjálfrar og tónlist sem haft hefur mikil áhrif á hana í gegnum tíðina. Tónleikarnir eru samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Sinfóníuhljómsveitar Íslands en Hildur er hátíðarlistamaður Listahátíðar 2026.

Tónleikarnir eru u.þ.b. ein og hálf klukkustund með hléi.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Una Sveinbjarnardóttir
Pálína Árnadóttir
Joanna Bauer
Andrzej Kleina
Bryndís Pálsdóttir
Lin Wei
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir Skelton
Sigrún Harðardóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir

2. FIÐLA

Gunnhildur Daðadóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Martin Frewer
Emma Garðarsdóttir
Justyna Bidler
Þórdís Stross
Ingrid Karlsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sólrun Ylfa Ingimarsdóttir
Kristján Matthíasson
Hlín Erlendsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Ríta Þorfrís
Guðrún Þórarinsdóttir
Anna Elísabet Sigurðardóttir
Svava Bernharðsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Natalia Duarte
Kathryn Harrison
Herdís Anna Jónsdóttir
Sarah Buckley

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Guðny Jónasdóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Urh Mrak
Bryndís Björgvinsdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson

BASSI

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Jacek Karwan
Richard Korn
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Hávarður Tryggvason

FLAUTA

Rafael Adobas
Áshildur Haraldsdóttir
Caterina Compagno

ÓBÓ

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

KLARINETT

Jorge Paiva Neves
Grimur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Clara Manaud
Brjánn Ingason
Bryndís Þórsdóttir

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Jason Friedman
Joseph Ognibene
Rogèr-Arnaut Castéret

TROMPET

Zach Silberschlag
Einar Jónsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

BASSABÁSÚNA

David Bobroff

TÚBA

Itamar Elis

HARPA

Katie Buckley

PÍANÓ

Liam Kaplan

SELESTA

Helga Bryndís Magnúsdóttir

PÁKUR

Alexander Radziewski

SLAGVERK

Marco Santos
Frank Aarnink
Steeff van Oosterhout
Kjartan Guðnason
Andrea Intili

AÐALHLJÓMSVEITARSTJÓRI OG LISTRÆNN STJÓRNANDI

Eva Ollikainen

FRAMKVÆMDA- OG SKRIFSTOFUTEYMI

Guðni Tómasson
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir
Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskrágerðar

Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi (í leyfi)
Rut Sigurðardóttir
markaðsfulltrúi (afleysing)
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri
Tracy Bass
nótnavörður
Brynja Guðmundsdóttir
aðstoðarnótnavörður
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs-
og tæknimála
Björk Björgúlfsdóttir
sviðsmaður

STJÓRN SÍ

Sigurður Hannesson
formaður stjórnar
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Margrét Pálmadóttir
Emil Friðfinnsson
Ragnar Jónasson

29. MAÍ, FÖSTUDAGUR KL. 19:30
30. MAÍ LAUGARDAGUR KL. 17

MAHLER

GUSTAV MAHLER

SINFÓNÍA NR. 8

ELDBORG HARPA

LSTA HÁTÍÐ Í REYKJAVÍK

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS, BRYNDÍS GUÐJÓNSDÓTTIR,
ÁLFHEIÐUR ERLA GUÐMUNDSDÓTTIR, DÍSELA LARUSDÓTTIR, ANNA KISSJUDIT,
HANNA DORA STURLUDÓTTIR, SIMON O'NEIL, OLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON
OG TOMAS TOMASSON EINSÓNGVARAR.

MÓTETTUKÓRINN, HLJÓMEYKI, SÖNGSVEITIN FÍLHARMÓNÍA,
KÓR LANGHOLTSKIRKJU OG SKÓLAKÓR KARSNESS KÓRAR

HLJÓMSVEITARSTJÓRI EVA OLLIKAINEN



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS